



Stjórn SSH 419. fundur

Mánudaginn 7. september 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðný Ívarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.

Fjarverandi: Ásgerður Halldórsdóttir.

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið: Þorkell Sigurlaugsson, formaður framkvæmdaráðs FFF, ráðgjafarnir Ágúst Þorbjörnsson og Reynir Kristinsson, sem og Jóhannes Svavar Rúnarsson og Erlendur Pálsson frá Strætó bs.

Eftirfarandi málefni voru rædd undir þessum dagskrárlið:

- a) Framkvæmdaráð ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.
Þorkell Sigurlaugsson gerði grein fyrir störfum ráðsins, framvindu verkefnisins og fór yfir þá reynslu sem fyrir liggur eftir úrvinnslu þeirra verkefna sem ráðinu var falið að leysa.
- b) Ágúst Þorbjörnsson gerði grein fyrir tillögu að nýrri skiptingu kostnaðar við akstur ferðaþjónustu fatlaðs fólks á milli sveitarfélaganna. Tillagan byggir á því að skipta kostnaðinum á sömu forsendum og kostnaðurinn myndast, þ.e. þeim tíma sem keyptur er af verktökum og þeim tíma sem hvert og eitt sveitarfélag notar þjónustuna. Þá fóru Ágúst og fulltrúar Strætó bs. yfir þá vinnu sem unnin hefur verið við að greina möguleg tækifæri til lækkunar heildarkostnaðar við aksturinn með því að breyta viðmiðum um tiltekna þjónustuþætti. Jafnframt var farið yfir möguleika að ná fram frekari kostnaðarlækkunum með tiltekinni handstýringu á ferðum, utan við Trapez tölvukerfið.
- c) Rætt var um framtíðarfyrirkomulag á rekstri ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. m.a bókun frá eigendafundi Strætó bs. 18. maí 2015.

Umræður

Fram kom að ekki er einhugur um forsendur kostnaðarskiptingar vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks, og brýnt er að ná fram niðurstöðu í því máli. Mótun framtíðarfyrirkomulags ferðaþjónustunnar mun m.a. grundvallast á þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra SSH var falið að boða til sameiginlegrar yfirferðar fostöðumanna velferðarsviða /félagsmálastjóra sveitarfélaganna og fjármálastjóra sveitarfélaganna til yfirferðar og umsagnar um tillögu ÁP að kostnaðarskiptingu og fyrirliggjandi hugmyndum um mögulega kostnaðarlækkun með breyttu fyrirkomulagi við skipulagningu ferða. Jafnframt verði óskað eftir lögfræðialíti um stöðu samninga Strætó bs. við akstursaðila og hvaða sveigjanleiki er í þeim samningum ef framangreint kallar á breytingar á þeim.

Stjórn SSH mun síðan funda aftur um málið í næstu viku.



2. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – snjóframleiðsla, undirbúningur

Fyrir lá minnisblað frá Verkfræðistofunni VSÓ vegna snjóframleiðslu í Bláfjöllum. Minnisblaðið var unnið í framhaldi af umræðu á 416. stjórnarfund SSH, 1. júní sl.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur eðlilegt að málið verði til frekari umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar skíðasvæðanna og fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir árið 2016.

3. Málefni flóttafólks

Rætt var um málefni flóttafólks og möguleika og vilja sveitarfélaganna til móttöku þeirra í ljósi ástands og umræðu.

Niðurstaða:

Stjórn SSH óskar eftir mati forstöðumanna velferðarsviða /félagsmálastjóra sveitarfélaganna á því með hvaða hætti sveitarfélögin geti unnið saman að undirbúningi að móttöku flóttafólks.

4. Fjölsmiðjan – framlenging á þjónustusamningi

Fyrir lá tillaga að viðaukasamningi vegna þjónustusamnings Fjölsmiðjunnar og aðildarsveitarfélaga SSH (að Kjósarhreppi undanskildum). Gildistími samningsins var til 1. janúar 2015. Fyrir þann tíma var stefnt að því að nýr samningur lægi fyrir, en vinna við mótun hans hefur dregist.

Niðurstaða:

Stjórn SSH undirritaði viðaukasamning, sem felur í sér að gildistími þjónustusamningsins famlengist til 1. mars 2016

5. Samkomulag um samstarf SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu

Samþykkt að Dagur B. Eggertsson og Gunnar Einarsson taki sæti í stýrihópi í samræmi við C lið framangreinds samkomulags frá 17. apríl 2015

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05.